

Fundargerð 1. fundar í skólaráði 3. febrúar 2021 kl. 14:15

Fundur settur kl. 14:15

Fundinn sátu

María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Valsárskóla
Margrét Jensína Þorvaldsdóttir, skólastjóri Álfaborgar
Steingerður Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra í Valsárskóla
Tryggvi Unnsteinsson, fulltrúi nemenda
Arnrún Ólöf Brynjólfsdóttir, fulltrúi nemenda
Ásrún Aðalsteinsdóttir, fulltrúi kennara
Vilhjálmur Rósantsson, fulltrúi foreldra í Álfaborg
Auður Hafþórsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Hanna Sigurjónsdóttir, fulltrúi kennara

María var skipaður fundarstjóri og Auður ritari.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun og vinnureglur skólaráðs
2. Skólareglur Valsárskóla og helstu áætlanir – sjá: [Skólareglur | Skólar Svalbarðsstrandahrepp \(svalbardsstrond.is\)](#) og [Áætlanir | Skólar Svalbarðsstrandahrepp \(svalbardsstrond.is\)](#)
3. Stytting vinnuviku í Álfaborg og sumarlokun 2021
4. Framkvæmdir í Álfaborg
5. Framkvæmdir í Valsárskóla

1. Farið yfir drög af starfsreglum sameiginlegs skólaráðs Álfaborgar og Valsárskóla.

Helstu lögbundin verkefni sameiginlegs skólaráðs:

- Fjallar um skólanámskrá og aðrar áætlanir.
- Hefur yfirsín um aðstöðu og velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar sé þess óskað.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Tekur þátt í að ræða stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.

Fundaráætlun 2020-2021

14. október 2020, féll niður vegna COVID-19
3. febrúar 2021
7. apríl 2021

Engar athugasemdir komu fram. Starfsreglur samþykktar.

2. Heimasíðan skoðuð, óskað eftir því að nefndarmenn fari aðeins yfir skólanámskrárlutann á síðunni.

Skólareglur Valsárskóla kynntar og óskað eftir yfirferð frá nefndarmönnum, <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/skolareglur>

Heimasíðan hefur tekið miklum breytingum og efni mikið yfirfarið. Valsárskóli fer í ytramát skólaárið 2019-2020, líklega fer það í gegn apríl-maí.

3. Stytting vinnuvikunnar og sumarlokun 2021 í Álfaborg.

Margrét fór yfir ákvörðunina sem tekin var um styttingu vinnuvikunnar. Vinnuhópurinn sem skipaður var í eru, Hanna Sigurjónsdóttir, Margrét Jensína Þorvaldsdóttir og Alma Þórólfsdóttir. Með þeim fundaði Fannar Freyr Magnússon, skrifstofustjóri. Vinnuhópurinn fór yfir þær leiðir sem hægt var að fara. Kynnti þær fyrir starfsfólki og svo var kosning. Fyrst var kosið um hvort auka ætti lögbundnu styttinguna með því að safna kaffitímum. Því næst var kosið um hvaða leið yrði farin.

Ákveðið var að safna kaffitímum saman ásamt lögbundnu styttingunni. Starfsmenn taka kaffitímana sína ásamt lögbundnu styttingunni einn dag á tveggja vikna fresti. Mikil ánægja er meðal starfsfólks með þessa leið en þessi leið var samþykkt til reynslu í 3 mánuði.

4. Framkvæmdir í Álfaborg

Myndir sýndar frá Álfaborg og því sem hefur gerst þar síðan haustið 2020. 7 milljónir fóru í endurbætur, húsgögn endurnýjuð og rýmunum skipt meira niður. Nýr kastali kemur 2021 á lóðina, nýr skúr kom haustið 2020 og girðing var færð til fyrir framan inngang. Sumarið 2020 var lóðin á bak við hús græjuð með litlum leiktækjum fyrir ungbarnadeildina.

5. Framkvæmdir í Valsárskóla

Búið er að endurnýja kaffistofuna, vinnuherbergi kennara, 9. og 10. bekkur fengu nýja stóla, búið er að endurnýja stofuna Dropa. Mygla var komin í húsið og var það allt saman lagað haustið 2020. Forstofan var tekin í gegn og sett ný fatahengi. Á plani er að kaupa fleiri "Chrome" tölvur. Loftgæði eru ekki nógu góð en það er í vinnuferli.

6. Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30